



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 11. október 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: mán 11.10.2022 kl. 14:00

Mættir: Íris, Alexandra, Sunna, Sírý, Ragnar, Olga, Áróra. Fjarverandi: Anna.

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsstaða
2. Stefnumörkun Gb
3. Starfsemi Grænni byggðar

1. Fjárhagsstaða

Rædd var fjárhagsstaða félagsins í ljósi þess að fjármagn vegna styrktarverkefna CIRCON og Losunarlausir verkstaðir (Innviðaráðuneyti), berst seint. Launagreiðslur hafa náðst í krafti styrkja frá U&A ráðuneyti. Fjárhagsstaða leysist um leið og fjármagn vegna styrktarverkefna berst. Hefur HMS gefið vilyrði fyrir fyrirframgreiðslu sem mun brúa bilið næstu mánuði.

Skipuleggja þarf vel næstu mánuði ef að Grænni byggð tekur að sér fleiri verkefni og starfsmönnum fjölgar. Einnig öðlast félagið nú mikla reynslu af samstarfi við t.d. Norðurlönd og GBC Póllandi.

2. Stefnumörkun Gb

Ragnar leggur til að leggja áherslu á rekstur í fyrirhugaðri stefnumótun, þ.e. rekstraröryggi, endurskoðun á stefnumörkun, breytingar á lögum, hækkun aðildargjalda, ferðastyrki fyrir starfsmenn o.frv. Einnig þyrfti að breyta lögum félagsins þannig að hægt sé að taka tímabundin lán ef svo ber undir, en slíkt liggur ekki fyrir í núverandi lögum.

Stefnumörkunarfundur meðal aðildarféлага getur verið 16. mars. Senda mætti fundarboð í næsta mánuði (nóv). Fyrirkomulag; spurningakönnun send út í desember, fá svör í lok janúar, vinna úr gögnum í febrúar og nota þau á fundi mars. Niðurstöður fundar kynntar öllum og leggur stjórn fram starfsáætlun, byggða á stefnumörkun, á aðalfundi sem haldinn verður í apríl.



3. Starfsemi Grænni byggðar

Dagur Grænni byggðar gekk fram úr vonum, erindi voru spennandi, skipulag gott og mæting var mjög góð.

Áróra hefur sótt um að GBC fari úr „prospective“ aðild yfir í „established“ innan WGBC. Þetta mun ekki hafa áhrif á gjöld til WGBC, sem er alltaf háð veltu. Þetta hefur í för með sér að Grænni byggð muni geta tekið að sér stærra hlutverk í samstarfsverkefnum.

Áróra leggur til að hækka hlutfallið sitt úr 50% í 60% fyrir Grænni byggð á meðan á verkefninu Losunarlausir verkstaðir stendur.

Uppfærsla heimasíðu er langt komin, eingöngu eftir fræðsla og miðlun. Ákveðið að stjórn GB mun skipta með sér verkum og hafa samband við aðila sem ættu að vera félagar eftir að búið er að uppfæra (hækka) aðildargjalda.

Morgunfundir haustsins:

- Fá sigurvegara Grænu skóflunnar RVK til að kynna Brákarborg
- Harpa mun kynna LCAbyg
- Skipulagsstofnun – sjálfbært skipulag
- Hönnunarferli vottaðra bygginga

Rætt að hafa fundina hálf tíma að lengd, og að sent verði fundarboð á alla aðildarfélaga, auk viðburðar á Fb. Önnur hver vika á Teams, t.d. 26/10, 9/11, 23/11, 7/12 eða þar um bil.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 15:20. Næsti stjórnarfundur verður í nóvember.